

**Ed. 321. Frumvarp til laga [150. mál]**

um breyting á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

1. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 orðist svo:

Brot á lögum þessum og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 6 millj. króna, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu skal sá sæta, sem fær eða reynir að fá leyfi (undanþágu) samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða með því að leggja í sviksamlegum tilgangi launung á atriði, er máli skipta í þessu eða brýtur skilyrði fyrir veittu leyfi. Ennfremur skal sá sæta sömu refsingu, sem gefur rangar skriflegar upplýsingar um nafn sitt, heimilisfang eða stöðu sína, er hann leitar eftir lyfseðli eða annarri ávísun á þau lyf eða efni, sem um getur í 3. og 4. grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Ákvæði laga um ávana- og fíkniefni um hámark fésekta hafa verið óbreytt frá gildistöku þeirra árið 1974. Er því nauðsynlegt að hækka sektahámark í samræmi við verðlagsþróun úr 1 millj. króna í 6 millj. eigi lögin að þjóna upphaflegum tilgangi sínum.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976, þar sem lagt er til að sektahámark í almennum hegningarlögum verði hækkað úr 5 millj. í 30 milljónir króna. Við gildistöku laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 tóku einnig gildi lög nr. 64/1974 um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Með þeirri breytingu var bætt inn í almenn hegningarlög ákvæði um fangelsi allt að 10 árum sé um mjög alvarlegt brot að ræða gegn lögnum um ávana- og fíkniefni, sbr. nánar 173. gr. a.-liður nügildandi hegningarlaga.

Má því segja, að þessi tvenn lög séu samtvinnuð og nauðsynlegt að breytingar á þeim haldist í hendur eftir því sem þurfa þykir. Til frekari áherslu er vert að geta þess að sektarákvæði almennra hegningarlaga taka ekki til brota gegn lögnum um ávana- og fíkniefni heldur gilda þar alfarið sektarákvæði laganna um ávana- og fíkniefni.